

Greinargerð

vegna augýsingar Umhverfisstofnunar á tillögu að starfsleyfi fyrir Arnarlax ehf. til að stunda fiskeldi í Arnarfirði sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir allt að 3.000 tonna árlegt laxeldi á þremur stöðum í Arnarfirði. Starfsleyfið er auglýst sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og feril sem tiltekinn er í reglugerðinni.

Afgreiðsla málsins fer að nokkru leyti fram samhliða afgreiðslu á starfsleyfistillögu fyrir Fjarðarlax ehf. sem einnig hefur sótt um starfsleyfi til fiskeldis í Arnarfirði enda verður ekki hjá því komist að mati stofnunarinnar, þar sem um er að ræða sambærilega starfsemi í nágrenninu. Rétt er að halda því til haga að umsókn Fjarðalax ehf. var tekin til formlegrar meðhöndlunar með bréfi Umhverfisstofnunar þann 22. júlí 2011 en umsókn Arnarlax ehf. var tekin til afgreiðslu 3. ágúst 2011 og að umsókn Fjarðalax ehf. barst einnig á undan.

Áður en gengið var endanlega frá efni tillögunnar óskaði stofnunin eftir umsögn um drög að tillögunni hjá Heilbrigðisnefnd Vestfjarða og Fjórðungssambandi Vestfirðinga og jafnframt um nýtingu sem gæti stangast á við þá starfsemi á svæðum sem tilgreind er í drögum að starfsleyfum fyrir Arnarlax ehf. og umsækjandi óskar eftir til starfseminnar. Þá var óskað eftir umsögn Orkustofnunar þar sem fram kæmi hvort upplýsingar liggi fyrir hjá stofnuninni sem varði nýtingu á þeim svæðum í tillögunni sem mögulega gæti rekist á við fyrirhugað laxeldi í Arnarfirði.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sendi lista yfir leyfi í gildi til kvíaeldis og kræklingaræktar sem embættið hefur gefið út:

Nafn	Gildir til	Staðsetning (hddd°mm.mmm')	Staður
Arnór Björnsson	Gildir til 16.9.2012	N65 46.397 W23 41.492	Arnarfjörður
Gyða Áhugamannafélag	Gildir til 16.9.2012	N65 43.610 W23 42.043	Arnarfjörður
Jens H Valdimarsson	Gildir til 16.9.2012	N65 37.833 W23 32.333	Arnarfjörður
Jónatan Þórðarson	Gildir til 16.9.2012	N65 37.382 W23 33.166	Arnarfjörður
Nýskel - Arnarfjörður	Gildir til 8.4.2012	N65 40.230 W23 33.420	Arnarfjörður
Nýskel - Fossfjörður	Gildir til 8.4.2012	N65 37.384 W23 31.360	Arnarfjörður
Valdimar Gunnarsson	Gildir til 16.9.2012	N65 41.333 W23 33.250	Arnarfjörður
Víkingur Gunnarsson	Gildir til 16.9.2012	N65 46.400 W23 40.833	Arnarfjörður
Hafkalk ehf- Hlein	Gildir til 19.10.2019	N65 41.000 W23 34.250	Arnarfjörður
Vesturkaup	Gildir til 12.12.2020	Fossfjörður	Arnarfjörður


Einnig var komið inn á málefni tengd ferðamennsku á svæðinu, svo sem kayjakferðir og sjóstangveiðar. Þá var tiltekið að taka þyrfti tillit til almennra fiskveiða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur starfrækt skipulagshóp sem vinnur að nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð. Hægt er að finna stöðu þessarar vinnu á netslóðinni

<http://www.fjordungssamband.is/nytingaraetlun/> og þar kemur fram að um er að ræða tilraunaverkefni sem er unnið í samvinnu við og með stuðningi stjórnvalda en fleiri aðilar styrkja verkefnið. Meginmarkmið verkefnisinsins er að gera samþætta nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar og samræma stjórnun og nýtingu þessa svæðis í samvinnu við hagsmunaaðila.

Umsögn Fjórðungssambandsins fylgdi kort af Arnarfirði (sem skýringarmynd hér að neðan er byggð á) þar sem settar hafa verið inn þær upplýsingar sem sambandið hefur aflað sér um í þessu verkefni.

-  Efnisnám
-  Kalkþörungánám
-  Kræklingarækt
Starfsleyfi að 200 t
-  Hlunnindanýting
H1 Æðarvarp
H2 Beltisparl
-  Fiskeldi
E1 Starfsleyfi fyrir laxeldi að 200 t
E2 Starfsleyfi fyrir laxeldi yfir 200 t (drög)
E3 Starfsleyfi fyrir þorskeldi að 200 t
E4 Rekstrarleyfi fyrir laxeldi að 200 t
-  Útivist
Ú1 Veiðiar
Ú2 Útsýnisstaðir
Ú3 Útlivstarfjörur
Ú4 Köfun
Ú5 Kæjaker
Ú6 Dýra- og fuglaskoðun
Ú7 Sjóstangveiði
-  Önnur nýting
A1 Sæskrímsli
A2 Rannsóknir
-  Siglingaleiðir
..... Póstleið
--- Ferðaþjónustu- og fristundaleið
- - - Almenn siglingaleið (stærri skip)
— Ferjuleið
S1 Hafnsögunótsstaður



Skýringarmynd: Á myndinni má sjá nýtingu Arnarfjarðar og Fossfjarðar í samhengi við umsókn Arnarlax ehf. og Fjarðarlax ehf. (Teiknistofan Eik ehf.- Fjórðungssamband Vestfirðinga; 28.10.2011)

Á kortinu má sjá þrjú svæði (hringlaga svæði sem merkt eru E2) sem Arnarlax ehf. er að sækja um í samhengi við aðra nýtingu. Nyrsta svæðið er ekki nálægt neinni þeirri nýtingu sem kortlögð er og það sama gildir um miðsvæðið. Syðsta svæðið er hins vegar um 900 metra frá fiskeldissvæðinu sem Fjarðarlax ehf. er að sækja um.

Fjarðalax ehf. hefur reyndar þegar hafið eldi í Fossfirði og fengið til þess starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Umhverfissráðuneytið gaf Fjarðalaxi ehf. með bréfi dags. 23. ágúst 2011, undanþágu fyrir starfsemi sinni í Fossfirði hvað hámarksframleiðslu ársins varðar enda getur Heilbrigðisnefnd Vestfjarða ekki veitt starfsleyfi fyrir meira en 200 tonna ársframleiðslu. Undanþágan er veitt þar til starfsleyfi hefur verið gefið út, en þó ekki lengur en til 1. júní 2012.

Athygli Arnarlax ehf. var vakin á þessari nálægð eldissvæðanna og funduðu Umhverfisstofnun og forráðamenn Arnarlax ehf. um málið. Niðurstaða framkvæmdaaðila var að hann taldi ekki rétt að breyta umsókninni vegna þessa. Í reglugerð nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, grein 4.2, kemur fram að fjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km við loftlínu en eins og áður segir eru um 900 metrar frá svæði Fjarðarlax ehf. þar sem styst er.

Það er álit Umhverfisstofnunar að stofnuninni sé ekki heimilt að hafna þessari hnitsetningu. Byggir sú niðurstaða á því að reglugerð nr. 105/2000 gerir ráð fyrir því að þáverandi embætti veiðimálastjóra geti veitt tímabundnar undanþágu frá þessum ákvæðum til allt að tveggja ára ef fyrir liggur jákvæð umsögn fisksjúkdómanefndar.

Einnig er hér vísað í úrskurð umhverfissráðuneytisins frá 16. júlí 2007, máls nr. 05120158, í kæru Halíotis á Íslandi ehf. vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar frá 7. desember 2005 um útgáfu starfsleyfis fyrir 2000 tonna þorskeldi AGVA-Norðurland ehf. í Eyjafirði, þar sem fram kemur eftirfarandi: „*Engar heimildir eru í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til að gera kröfu um aðra staðsetningu en sótt er um, t.d. vegna annarrar starfsemi sem fyrir er á svæðinu, enda uppfylli umsækjandi öll skilyrði laga og reglna sem um starfsemina gilda.*“ Sama hugsun kemur einnig fram í úrskurði umhverfisráðuneytisins frá 19. október 2001, máli nr. 01070087, vegna synjunar heilbrigðisnefndar Vestfjarða á útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldisstöð á Mjóaparti í Tálknafirði. Þar sem ofangreind gr. 4.2. í reglugerð 105/2000 gerir ráð fyrir að Fiskistofu sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þá sé það þeirra að taka ákvörðun um hvort haldið verður í 2 km. regluna eða ekki. Starfsleyfishafi taki þá áhættu af því að slík undanþága fáist ekki.

Jafnframt má benda á að með samvinnu aðila kann að vera mögulegt að líta á reksturinn í framkvæmd sem sömu stöðina (eða sömu kvíapýrpingu), en ef þetta ætti að ganga upp þyrftu rekstraraðilar að vinna náið saman að málinu. Meðal annars yrði þá mikilvægt að hvíla eldissvæðin í og við Fossfjörð á sama tíma hjá báðum fiskeldisfyrirtækjunum og hafa þyrfti eitthvert samstarf milli eldisaðila um fisksjúkdóma- og mengunarvarnir.

Orkustofnun skilaði inn umsögn þar sem stofnunin bendir á að hafa beri í huga mögulega skörun milli nýtingarsvæða Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. og fyrirhugaðra eldissvæða Fjarðarlax ehf. og Arnarlax ehf. við leyfisveitingu en líka möguleg truflandi áhrif sem nýting kalkþörunganna geti haft á fiskeldið. Þá beri að huga að áhrifum sem fiskeldið geti haft á kalkþörungavinnsluna. Afrit af vinnsluleyfi til handa Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. fylgdi með umsögninni. Þar kemur fram að vinnsluleyfið er gefið út af iðnaðarráðherra þann 17. desember 2003. Athygli vekur þó að athafnasvæðin eru ekki tilgreind af mikilli nákvæmni í leyfisveitingunni.

Þess má geta að Íslenska kalkþörungafélagið ehf. er á meðal þeirra sem sérstaklega hafa lýst stuðningi sínum við áform Arnarlax ehf.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 20. apríl 2011 vegna fyrirspurnar um matsskyldu komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð 3.000 tonna framleiðsla á laxi í sjókvíum Arnarlax ehf. í Arnarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í flestum málum sem varða starfsleyfi Umhverfisstofnunar spyrst stofnunin ekki fyrir um aðra starfsemi á þann hátt sem hér hefur verið gert. Rétt er því að fara nokkrum orðum um af hverju málsmeðferðin var með þessum hætti: Svæði utan netlaga eru ekki skipulagsskyld og því liggur ekki fyrir hvort önnur starfsemi er til staðar á þessum svæðum. Umhverfisstofnun úthlutar ekki svæðum með útgáfu starfsleyfis en með þessari eftirgrennslan stofnunarinnar er reynt að gæta þess eins og kostur er að starfsemin magni ekki um of umhverfisáhrif annarar nýtingar en undir það geta t.d. fallið siglingaleiðir, fiskveiðar og efnistaka. Með þessu er leitast við að hafa málsástæður við afgreiðslu málsins vel rannsakaðar.

Réttaráhrifin af veitingu starfsleyfa þar sem tilgreint er athafnasvæði utan netlaga eru þau að utan svæðisins er starfsemin ekki leyfð. Afmörkun svæðisins miðar að því að afmarka áhrif mengunar frá starfseminni og sem grunnur að vöktun á mengunaráhrifum vegna hennar. Ekki er því um að ræða að nokkurs konar yfirráðaréttur fáiast með starfsleyfisútgáfu til ákveðinna svæða enda getur bann við mengun utan vissra svæða ekki eitt og sér leitt af sér slíkan rétt. Ekki er heldur útilokað að önnur stjórnvöld en Umhverfisstofnun takmarki starfsemina enn meira.

Að lokum bendir Umhverfisstofnun á að ýmsar mikilvægar upplýsingar komu fram í umfjöllun Skipulagsstofnunar sem lauk með úrskurði þann 20. apríl 2011 um að framkvæmdin væri ekki matsskyld en samhliða auglýsingu tillögunnar verður hægt að nálgast gögn vegna fyrirspurnar um matsskyldu á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Á heimasíðunni verður einnig hægt að nálgast áður nefndar umsagnir Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga (sem kom í tölvubréfi) og Orkustofnunar á meðan á auglýsingatíma stendur.